

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 176/2022.

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir svohljóðandi:  
Honum er jafnframt heimilt að yfirgefa dvalarstað sinn, gangandi eða einn í farartæki í því skyni að greiða atkvæði utan kjörfundar, á sérstökum kjörstað, í íbúakosningum eða almennum kosningum. Að atkvæðagreiðslu lokinni skal haldið aftur í einangrun án viðkomu annars staðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 12., 13., 14. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 14. febrúar 2022.*

**Willum Þór Þórsson**  
heilbrigðisráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Ásta Valdimarsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 14. febrúar 2022